

Enda þótt Dagblaðið komi ekki lengur út eitt sér eins og áður, verður að líta svo á af heiti hins nýja blaðs, að Dagblaðið & Vísir hafi runnið saman í eitt blað, en ákærði er annar ritstjóra þess. Þykir þessi breyting því ekki standa í vegi fyrir því að skylda ákærða samkvæmt áðurgreindri 22. gr. prentлага til þess að birta forsendur og niðurstöður dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði hins nýja blaðs, sem út kemur, eftir að dómur hefur verið birtur ákærða.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmans, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas Kristjánsson, greiði 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærða er skylt að birta forsendur og niðurstöður dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði Dablaðsins & Vísis, sem út kemur, eftir að dómur þessi hefur verið birtur ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmans, 2.000.00 krónur.

Miðvikudaginn 19. janúar 1983.

Nr. 2/1983. **Ómar Egilsson**

gegn

Katrínu Valentínusdóttur.

Kærumál. Búskipti. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 7. desember 1982, er barst Hæstarétti 4. janúar 1982, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært frávísunardóm bæjarþings Hafnarfjarðar 25. nóvember 1982.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða dómi verði heimvísað og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann þess, að varnaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í hinum kærða frávísunardómi, gerðu aðiljar samkomulag um skipti á búi þeirra í skiptarétti Hafnarfjarðar 25. júní 1981, sem bókað er í skiptabók. Í niðurlagi samkomulags þessa segir svo:

„Með samkomulagi þessu falla aðilar frá öllum öðrum kröfum hvor á annan, þó af hálfu mannsins með áskilnaði um rétt til þess að halda húsaleigukröfunni til dagsins í dag uppá konuna en af hálfu konunnar með áskilnaði um hverskonar gagnkröfur til skulda-jafnaðar á móti húsaleigukröfunni”.

Mál það, sem um er fjallað í hinum kærða frávísunardómi, er risið út af ágreiningi um nefnda húsaleigukröfu, sem er talin meðal eigna búsins. Ekki er bókað í skiptabók, að skiptum sé lokið, og ekki verður séð af öðrum gögnum málsins, að svo sé. Ber því að leysa úr ágreiningsefni þessu í skiptaréttinum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 2.000.00 krónur í kærúmálskostnað.

D ó m s o r ð

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ómar Egilsson, greiði varnaraðilja, Katrínu Valentínusdóttur, 2.000.00 krónur í kærúmálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 25. nóvember 1982.

Mál þetta var höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 3. júní sl., og framlagningu skjala á dómþingi 8. sama mánaðar.

Stefnandi málsins er Ómar Egilsson, nnr. 6893-7213, bifreiðarstjóri, Tunguvegi 1, Hafnarfirði.

Stefnda er Katrín Valentínusdóttir, nnr. 5575-7135, verslunarmaður, Álfaskeiði 44, Hafnarfirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í stefnu, að stefnda verði dæmd til greiðslu skuldar að upphæð kr. 54.024.00 með 36% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 1. júní 1982, en dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldsskrá LMFÍ og aukatekjulögum.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er ffrávisunarkröfu stefndu andmælt. Um þennan ágreining fór því fram munnlegur málflutningur þegar er þessi dómari þingaði fyrst í málinu hinn 10. þ. m., enda varð sáttaumleitun hans árangurslaus. Við svo búið var ágreiningur þessi tekinn til dóms eða úrskurðar og er hér til úrlausnar. Í þessum þætti málsins gera aðiljar hvor um sig kröfu um málskostnað.

Málavextir eru þeir, að málsaðiljar, sem voru í hjúskap, fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 17. maí 1974, en til lögskilnaðar 16. september 1975. Vegna skilnaðarins gerðu málsaðiljar með sér samning, dagsettan 17. maí 1974, um skilnaðarkjör og fjárskipti þeirra. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. desember 1979, í máli þess réttar nr. 76/1977 var dæmt, að skilnaðarsamningurinn frá 17. maí 1974 væri eigi skuldbindandi fyrir stefnanda að því er varðaði skipti á búi þeirra. Að gengnum þessum dómi Hæstaréttar krafðist þrotabúi stefnanda, þar sem bú stefnanda var þá undir gjaldþrotaskiptum, þess, að skiptaréttur Hafnarfjarðar tæki bú aðilja til opinberra skipta. Úrskurður skiptaréttarins um þá kröfu var kærður til Hæstaréttar, sem með dómi, uppkveðnum 24. mars 1980, í máli þess réttar nr. 41/1980 dæmdi, að skiptaráðanda bæri að taka búið til opinberra skipta. Hinn 25. júní 1981 var gert í skiptaréttinum svofellt samkomulag um búskiptin:

„Konan Katrín Valentínusdóttir greiði manninum Ómari Egilssyni (þrotabúi hans þar til gjaldþrotaskipti á því hafa verið niður felld), kr. 100.000 þannig:

1. Með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum, kr. 6.250 hver, hinn 10. hvers mánaðar mánuðina júlí 1981 til og með júní 1982 kr. 75.000
2. Með skuldabréfi til 5 ára, með veði í fasteigninni að Álfaskeiði 44, er konan gefi út eigi síðar en 1. ágúst n.k., er beri 20% ársvexti frá 1. júlí 1981, með gjalddögum 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 1982 kr. 25.000

Kr. 100.000

Greiðslustaður er á skrifstofu Jóns E. Ragnarssonar, hrl.

Við vanskil þarf að greiða dráttarvexti.

Yfirlýsing á dskj. nr. 13 verði afturkölluð og afturköllunin þinglýst.

Samkomulag þetta er gert af hálfu lögmanns konunnar með fyrirvara um samþykki konunnar fyrir 1. júlí n.k.

Hafi tilkynning um afturköllun konunnar ekki borist fyrir þann dag, telst konan hafa samþykkt það.

Með samkomulagi þessu falla aðilar frá öllum öðrum kröfum hvor á annan, þó af hálfu mannsins með áskilnaði um rétt til þess að halda húsaleigukröfunni til dagsins í dag uppá konuna, en af hálfu konunnar með áskilnaði um hverskonar gagnakröfur til skuldajafnaðar á móti húsaleigukröfunni.

Bú stefnanda, Ómars Egilssonar, var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota með úrskurði, uppkveðnum 15. maí 1979. Með yfirlýsingu skiptaráðandans í Hafnarfirði, dags. 15. september 1982, var honum „afhent bú sitt til frjálsra afnota að nýju og skiptum lokið“ þann dag, þar sem hann hafði framvísað yfirlýsingu allra kröfuhafa um, að þeir afturkölluðu kröfur sínar.

Meðal eigna félagsbús aðilja var íbúð að Álfaskeiði 44, Hafnarfirði. Í framangreindum samningi aðilja frá 17. maí 1974 var ákvæði um, að íbúðin skyldi verða eign stefndu, sem bjó áfram í íbúðinni.

Við meðferð skiptaréttarins á félagsbúinu var íbúðin dregin undir skiptin, en féll endanlega í hlut stefndu.

Tilkvaddir virðingarmenn mátu m. a., hvert væri hæfilegt leigugjald fyrir íbúðina. Um það kemur eftirfarandi fram í virðingargerð þeirra, dags. 16. október 1980:

„Matsmenn hafa haft hliðsjón af fasteignaleigu, eins og hún gerist nú, og reiknað hana aftur í tímann miðað við vísitölu húsnæðiskostnaðar. Samkvæmt ofangreindu höfum við metið leigugreiðslur á eftirfarandi hátt. Rétt er að taka fram, að vextir hafa ekki verið reiknaðir.

	Mánaðarleiga	Leiga fyrir tímabilið
1974 mars-júní	12.000 kr.	48.000 kr.
1974 júlí-okt.	13.000 —	52.000 —
1974 nóv.-des.	14.000 —	28.000 —
1975 jan.-febr.	14.000 —	28.000 —
1975 mars-júní	17.000 —	68.000 —
1975 júlí-des.	19.000 —	114.000 —
1976 jan.-mars	19.000 —	57.000 —
1976 apríl-júní	23.000 —	69.000 —
1976 júlí-sept.	23.000 —	69.000 —
1976 okt.-des.	24.000 —	72.000 —

1977 jan.-mars	24.000 kr.	72.000 kr.
1977 apríl-júní	30.000 —	90.000 —
1977 júlí-sept.	30.000 —	90.000 —
1977 okt.-des.	31.000 —	93.000 —
1978 jan.-mars	32.000 —	96.000 —
1978 apríl-júní	43.000 —	129.000 —
1978 júlí-sept.	44.000 —	132.000 —
1978 okt.-des.	46.000 —	138.000 —
1979 jan.-mars	47.000 —	141.000 —
1979 apríl-júní	64.000 —	192.000 —
1979 júlí-sept.	66.000 —	198.000 —
1979 okt.-des.	69.000 —	207.000 —
1980 jan.-mars	100.000 —	300.000 —

2.483.000 kr.”

Stefnandi telur sig eiga lögvarinn rétt til húsaleigugreiðslu úr hendi stefndu vegna afnota hennar af íbúðinni. Í stefnu segir m. a.:

„Sundurliðun kröfunnar, sem byggð er á matsgjörðinni, er þannig, en það er tekið fram, eins og raunar er ljóst af fjárhæðum, að matið er á kröfu stefnanda, þ. e. ½ húsaleigu:

1. húsaleiga mars 1974-des. 1979..... kr. 21.830.00
2. 27% ársvextir..... kr. 5.894.00
nýr höfuðstóll 31.12.1979..... kr. 27.724.00
3. húsaleiga 01.01. - 31.12.80..... kr. 12.000.00
4. 36% ársvextir..... kr. 14.300.00
nýr höfuðstóll 31.12.1980..... kr. 54.024.00”

Af hálfu stefndu er frávisunarkrafan studd þeim rökum, að vísa hefði átt málinu frá dómi ex officio, þegar er greinargerð stefndu var lögð fram 26. júní sl., þar sem bú stefnanda hafi þá enn verið undir gjaldþrotaskiptum og stefnandi ekki átt forræði sakarinnar né heldur hafi skiptafundur í búi hans veitt heimild til málshöfðunarinnar. Þótt gjaldþrotaskiptin hafi síðan verið felld niður, breyti það engu hér um, þar sem löglegan grundvöll málsóknarinnar hafi skort, sbr. XVII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Af hálfu stefnanda er því alfarið mótmælt, að umboðsskortur hamli honum málsókn þessari. Frávisunarkrafa stefndu hafi að vísu ekki verið að ófyrirsynju á þeim tíma, sem hún var sett fram, en stefnandi hafi nú fullt og óskorað forræði á búi sínu.

Af hálfu stefndu er í þessum þætti málsins einnig á því byggt, að kröfugerð stefnanda og útlistun hennar sé andstæð 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, þar sem hún sé ekki nægilega skýr eða skilgreind í stefnu og greinargerð stefnanda. Af hálfu stefnanda er þessu alfarið mótmælt. Þvert á móti sé kröfugerð mjög skýrt fram sett í stefnu og skýrð í skjölum framlögðum af hálfu stefnanda.

Við flutning frávísunarkröfu stefndu var af hálfu stefnanda andmælt þeirri ábendingu dómara, að ef til vill kynni að bera að vísa málinu frá dómi ex officio, þar sem sakarefnið ætti undir skiptarétt sem hluti af óskiptu félagsbúi aðilja.

Með því að bú stefnanda er ekki lengur undir gjaldþrotaskiptum, þykir eigi koma til álita að vísa málinu frá dómi nú, þótt stefnandi hafi eigi, að því er séð verður, kannað viðhorf búsins, sem þá var til gjaldþrotaskiptameðferðar, til málshöfðunar þessarar.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um leigugjald fyrir umrædda íbúð tiltekið tímabil, eða frá og með marsmánuði árið 1974 til loka ársins 1980, en aðiljar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 17. maí 1974. Fjárskipti aðilja vegna skilnaðarins voru tekin upp að nýju, eins og að framan greinir. Félagsbúið var tekið til opinberra skipta. Þeirri skiptameðferð lyktaði svo, að aðiljar gerðu samkomulag um búskiptin, en þó með ákveðnum áskilnaði. Málssókn stefnanda er byggð á þeim áskilnaði. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en uppgjör aðilja við búskiptin hafi að því er íbúðina snerti nær miðast við verðmæti hennar á þeim tíma, sem samkomulagið var gert. Ekki verður séð, að skipting verðmætis íbúðarinnar hafi grundvallast á fastákveðnum eignarhlutföllum. Í nefndri virðingargerð er sú húsaleigukrafa, sem stefnandi gerir í máli þessu, virt meðal eigna félagsbús aðilja, enda verður að telja hinar metnu leigugreiðslur arð af íbúðinni og um leið eign til skipta milli aðilja. Samkvæmt þessu þykir efniságreiningur aðilja eiga að sæta úrlausn skiptaréttar. Ber því að vísa máli þessu frá dómi, sbr. 66. gr. laga nr. 85/1936. Eigi kemur þá til álita, hvort kröfugerð stefnanda sé svo andstæð 88. gr. sömu laga, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, að frávísun varði.

Málskostnaður fellur niður.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.